


Garðabær, 15. ágúst 2024
Málsnúmer: 202408-0019
ÓKN

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun, 15. ágúst 2024

Viðkoma rjúpu 2024

Rjúpa er mikilvægasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Stofnstærð rjúpu tekur miklum breytingum á milli ára og endurspeglast stofnbreytingar skýrt í rjúpnaveiði. Uppistaðan í rjúpnaveiði hvers árs eru ungfuglar og er viðkoma rjúpu því góður áviti á veiðihorfur. Frjósemi rjúpu er mikil, fuglarnir verða kynþroska árs gamlir, hver kvenfugl verpir að jafnaði um 11 eggjum og síðsumars eru vanalega 7 til 8 ungar á kvenfugl. Þetta er þó ekki algilt og sum ár eru unгахóparnir miklu mun smærri eða að jafnaði 3 til 5 ungar á kvenfugl og þá er talað um viðkomubrest í stofninum.

Viðkoma rjúpu er metin með talningum úti í mörkinni í lok júlí og í byrjun ágúst. Náttúrufræðistofnun hefur vaktað viðkomu rjúpu á Vesturlandi og Norðausturlandi um langa hríð. Ákveðið var, með öflugum stuðningi Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, að bæta við átakið sumarið 2023 og vakta viðkomu rjúpu í öllum landshlutum og þetta var endurtekið nú í ár (1. mynd). Til að ná þessu var leitað til eigenda fuglahunda um aðstoð við talningar. Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar sáu um hluta talninganna á Norðausturlandi en annars voru talningarnar í höndum hundamanna (1. tafla).




1. mynd. Skipting Íslands í veiðisvæði samkvæmt kortasjá Umhverfisstofnunar. Þessari skiptingu var fylgt við rjúpuungatalningar 2024. Landshlutarnir eru Suðurland (SU), Vesturland (VE), Vestfirðir (VF), Norðvesturland (NV), Norðausturland (NA) og Austurland (AU).

1. tafla. Niðurstöður talninga rjúpuunga sumarið 2024.

| Landshluti | Kvenfuglar sem fundust | % kvenfugla án unga | Ungar á kvenfugl | % ungar í stofni |
|-----------------|------------------------|---------------------|------------------|------------------|
| Suðurland | 11 | 0,0% | 6,0 | 75,0% |
| Vesturland | 46 | 6,5% | 6,3 | 75,9% |
| Vestfirðir | 31 | 22,6% | 5,2 | 72,2% |
| Norðvesturland | 39 | 5,1% | 6,1 | 75,4% |
| Norðausturland | 117 | 28,2% | 4,5 | 69,2% |
| Austurland | 53 | 28,3% | 5,2 | 72,3% |
| Meðaltöl | 50 | 15,1% | 5,6 | 73,3% |

Ath: karlfuglar koma síður fram en kvenfuglar í ungatalningum og þess vegna er miðað við fullorðna kvenfugla sem fundust í talningunni og að helmingur unganna sem sáust séu kvenfuglar þegar reiknað er hlutfall unga í stofni.


Samtals fundust 297 kvenfuglar í talningunum eða að meðaltali um 50 á talningasvæði (1. tafla). Að meðaltali voru um 15% kvenfuglanna án unga og meðalfjöldi unga á kvenfugl var 5,6. Niðurstöður talninga voru mismunandi eftir landshlutum (1. tafla, 2. mynd). Á Suðurlandi, Vesturlandi og á Norðvesturlandi var viðkoman svipuð eða 6,0 til 6,3 ungar á kvenfugl. Viðkoman var mun lakari á Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austurlandi eða 4,5 til 5,2 ungar á kvenfugl. Þessi munur á landshlutunum er áberandi ef skoðað er hlutfall kvenfugla án unga, það var 23 til 28% á Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austfjörðum, en 0 til 7% í öðrum landshlutum (1. tafla).



2. mynd. Stærð unгахópa hjá rjúpu 2024 skipt eftir landshlutum. Kvenfuglar án unga eru teknir með.

Í sögulegu samhengi er viðkoman sumarið 2024 á Norðausturlandi, Austurlandi og Vestfjörðum léleg. Besti samanburðurinn er fyrir Norðausturland en þar ná ungatalningar aftur til sumarsins 1964. Þar mældust nú 4,5 ungar á kvenfugl og er það fjórða lægsta mælingin frá upphafi talninga. Á Norðausturlandi var viðkoman almennt mjög góð fram að aldamótum, eða 7 til 9

ungar á kvenfugl að jafnaði, síðan hefur hún fallið niður í 6 til 8 unga að jafnaði (3. mynd). Viðkomubrestur hjá rjúpum í landshlutanum, þ.e. færri en 5 ungar á kvenfugl, hefur verið skráður sjö sinnum frá 1964 og þar af eru fjögur tilvik frá síðustu fimm árum (3. mynd). Þessi langtímahnignun í viðkomu hjá rjúpu og fjölgun tilvika þar sem hægt er að tala um viðkomubrest er áhyggjuefni. Viðkoman á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi 2024 var svipuð og mælst hefur tíðast síðastliðin 10 ár (3. mynd), þ.e. á bilinu 6 til 7 ungar á kvenfugl.



3. mynd. Meðalfjöldi rjúpuunga á kvenfugl 1964 til 2024, skipt eftir landshlutum.

Miðað við fyrri greiningar ræðst varþarangur hjá rjúpu af tíðarfari í júní og júlí. Úrkoma, hitastig og vindafar skipta þar máli. Sumarið 2024 hefur verið afbrigðilegt m.t.t. veðurs. Mjög hart hret gerði 3. til 8. júní og frá Vestfjörðum austur um til Austurlands var þessa daga mjög hvasst og kalt, samfara mikilli úrkomu. Snjó festi ekki samfellt á láglandi en til fjalla og heiða var slíkt víða reyndin og þar ríkti vetur með fannfergi þessa „sumardaga“. Á stórum hluta Norðausturlands var allt land yfir 100 til 150 m yfir sjó á kafi í snjó í lok hretsins. Hretið hafði víðtæk áhrif á varp rjúpu en þegar það skall á má gera ráð fyrir að nær allar rjúpur hafi verið orpnar og þær legið á eggjum. Augljóst er að um norðanvert landið afrækti hátt hlutfall rjúpna sín hreiður. Þetta sést m.a. á hlutfalli kvenfugla án unga í talningum, en á Vestfjörðum, Norðausturlandi og á Austurlandi var þetta hlutfall á bilinu 23 til 28%, í öðrum landshlutum var það mun lægra (1. tafla). Hluti kvenfuglanna sem afrækti gerði aðra tilraun til varps, það sýna m.a. talningar á vestanverðu Tjörnesi á Norðausturlandi. Talningasvæðið þar er neðan 100 m hæðarlínunnar og þar festi ekki snjó í hretinu í byrjun júní nema stund og stund. Við talningar á svæðinu dagana 27. til 31. júlí voru ungar aldursgreindir hjá 57 ungamæðrum. Þrjátíu ungamæður (53%) voru með stálpaða unga (fjögurra til sex vikna gamlir ungar) og þær höfðu

náð að klekja sínum eggjum þrátt fyrir hretið, en 27 ungamæður (47%) voru með litla unga (að hámarki um tveggja vikna gamlir ungar). Þrír af þessum 27 kvenfuglum voru með eins til tveggja daga gamla unga. Að auki fannst í talningunni á Tjörnesi einn kvenfugl á eggjum þann 28. júlí! Það má teljast nær öruggt að mest allt rjúpnavarp hafi spillst í heiðlöndum hærra uppi í landinu þar sem þykk snjóhula hélst dögum saman eftir hretið í byrjun júní. Ungatalningar voru ekki gerðar á þessum svæðum en þrír kvenfuglar með unga, sem fundust við aðra útivinnu á Norðausturlandi í lok júlí, voru með litla unga.

Miðað við niðurstöður frá Norðausturlandi þá er allavega um helmingur rjúpuunganna klakinn fjórum til sex vikum síðar en venjulegt er. Ungarnir eru að taka út sinn þroska og vöxt á hallandi sumri og munu ekki hafa náð fullri stærð fyrr en í september/október hið minnsta. Mögulega mun þessi hliðrun á varpi hafa áhrif á lifun unganna fram að veiðitíma og hún mun örugglega hafa áhrif á vænleika þeirra og þroska á veiðitíma. Við höfum engin dæmi um svona atburðarás síðan farið var að vakta viðkomu rjúpunnar fyrir sextíu árum síðan! Gleggsta myndin af afleiðingum hretsins í byrjun júní er frá Norðausturlandi, en miðað við umfang hretsins og með tilvísun í [varúðarregluna](#) (e. precautionary principle) þá er rétt að miða við að þessar niðurstöður lýsi ástandinu um allt norðanvert landið, þ.e. frá Vestfjörðum og austur um til Austfjarða, þetta eru mikilvægustu uppeldisstöðvum rjúpunnar á Íslandi. Rétt er að minna á að það var ekki bara veðrið í byrjun júní sem var rjúpunni mótdrægt í sumar. Vætutíð var ítrekað víða um land í síðari hluta júní og í júlí.

Samandregið þá var viðkoman léleg hjá rjúpum á Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austurlandi í sumar, en í slöku meðallagi í öðrum landshlutum. Ástandið um norðanvert landið er án fordæma í sextíu ára sögu rjúpnavöktunar á Íslandi og það helgast fyrst og fremst af hretinu sem gerði í byrjun júní. Afleiðingar hretsins eru annars vegar að viðkoman er léleg og hins vegar að marktækt stór hluti unganna er klakinn úr eggjum um og eftir mitt sumar og þessir síðklöktu ungar munu ekki hafa tekið út fullan vöxt fyrr en í september til október. Þetta eru afkæmi kvenfugla sem afræktu í hretinu en gerðu í framhaldinu aðra varptilraun. [Rjúpnatalningar síðasta vor](#) sýndu að á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi var almenna reglan fækkun á milli ára en miðað við síðustu 20 ár var varpstofninn í þessum landshlutum yfir meðallagi að stærð. Á Norðausturlandi og Austurlandi fjölgaði rjúpum en það var þó ekki einhlítt og á nokkrum talningasvæðum var fækkun. Miðað við stofnvísitölur var varpstofninn í þessum tveimur landshlutum um eða yfir meðaltali að stærð. Miðað við niðurstöður unगतalninga þá verður veiðistofn rjúpu á komandi hausti minni en efni stóðu til og það á sérstaklega við um Vestfirði, Norðausturland og Austurland.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@natt.is eða í sínum 5 900 500 og 843 9935.